



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 132/322

komudagur 30.11.2005

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2005
Tilvísun:2005110056

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál, bankastjórar, peningastefnunefnd.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 44. mál, bankastjórar, peningastefnunefnd.

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja að faglega sé staðið að ráðningu Seðlabankastjóra og beitingu stjórnækja Seðlabankans í peningamálum og þannig verði stuðlað að sjálfstæði bankans og trúverðugleika.

Í núgildandi lögum um Seðlabanka Íslands eru engar sérstakar kröfur gerðar til reynslu eða menntunar Seðlabankastjóra. Það er alfarið sett í hendur þess sem skiptar í embættið, forsætisráðherra, að velja fólk í embættið og er ráðherra í sjálfsvald sett að ákveða hvaða kosti hann leggur til grundvallar við skipun bankastjóra.

Til að tryggja sjálfstæði og trúverðugleika bankans er mikilvægt að bankastjórar hans séu valdir á faglegum forsendum. ASÍ styður því að sett verði í lögum um Seðlabankann ákvæði um hæfi og reynslu bankastjóra ásamt ákvæði um því að stöðurnar skuli auglýstar opinberlega. Það þarf samt sem áður að gæta þess að setja ekki of þröngar skorður á hæfni og reynslu umsækjanda. Er því lagt til að gerð verði eftirfarandi breyting á orðalagi 2. gr. frumvarpsins og í stað

„Bankastjóri skuli hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum.“

komi

„Bankastjóri skuli hafa reynslu og víðtæka þekkingu á efnahags- og atvinnumálum á Íslandi.“


Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar sérstök peningastefnunefnd, sem hefur ákvörðunarvald um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum.

Alþýðusambandið telur hins vegar að það sé ekki nægilegt að setja á laggirnar peningastefnunefnd, sem eingöngu er skipuð aðilum úr bankanum. Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að ákvarðanir bankans í peningamálum hafa afgerandi áhrif á atvinnulífið, atvinnustig og afkomu launafólks. Það er því mikilvægt að tryggja aðilum vinnumarkaðarins

aðkomu að ákvörðunum í peningamálum. Alþýðusambandið leggur því til að peningastefnunefndin verði fjölmennari og verði ekki aðeins skipuð aðilum úr bankanum heldur einnig skipuð aðilum utan bankans, svo sem aðilum vinnumarkaðarins. Má benda á að slíkt fyrirkomulag er við Evrópska Seðlabankann, Seðlabankann í Bretlandi (e. Bank of England) og Bandaríska Seðlabankann.

Alþýðusambandið tekur undir meginatriði frumvarpsins en þó með þeim breytingum að ekki verði sett of þröng skilyrði fyrir hæfi og reynslu bankastjóra Seðlabankans og að peningastefnunefndin verði einnig skipuð aðilum utan bankans, svo sem aðilum vinnumarkaðarins.

F.h. Alþýðusambands Íslands,



Ingunn S. Þorsteinsdóttir
Hagfræðingur hjá ASÍ